



EFNISVINNSLA VIÐ VÍK

Deiliskipulag - Tillaga

15.09.2022, breytt 31.10.2022



Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann _____

f.h. Mýrdalshrepps

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Markmið	5
1.2	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	6
2.1	Staðhættir	6
2.2	Efnistökusvæði	6
2.3	Náttúrufar og dýralíf	7
2.4	Minjar	7
2.5	Jarðmyndanir	7
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
3.1	Aðalskipulag	8
3.2	Deiliskipulag	9
4	SKILMÁLAR	9
4.1	Lóð	9
4.2	Aðkoma	9
4.3	Byggingareitur	9
4.4	Sorp og úrgangur	10
4.5	Ásýnd og frágangur	11
4.6	Veitur	13
4.7	Vöktunaráætlun	13
5	ALMENNIR SKILMÁLAR	14
5.1	Mæli- og hæðablöð	14
6	UMHVERFISÁHRIF	14
7	KYNNING OG SAMRÁÐ	15
7.1	Skipulagsferli	15
8	HEIMILDARSKRÁ	16

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ	8377-001

1 INNGANGUR

Deiliskipulag þetta nær til vinnslusvæðis LavaConcept Iceland ehf. í fjörunni austan við Vík í Mýrdal. Unnið hefur verið að rannsóknum á sandinum í fjörunni austan Víkur í 6 ár og hefur komið í ljós að sandurinn er með eiginleika sem gera það að verkum að hann er einkar hentugur í sandblástur, þ.e. harður og oddhvass eftir að búið er að harpa og brjóta hann niður í rétta stærð. Fyrirtækið hefur gert samning um sölu á sandi, sem nota á í sandblástur, til Þýskalands. Efnistakan og vinnslan verður annars vegar í landi Mýrdalshrepps og hins vegar í landi Fagradals. Lavaconcept Iceland ehf. er með samninga við landeigendur um vinnslu og efnistöku. Fyrirhugað er að vinna sand úr efnisnámmum í fjöruborðinu.

Samhliða deiliskipulagi þessu var gerð breyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 þar sem skilgreint verður iðnaðarsvæði fyrir vinnslusvæðið og nýtt efnistökusvæði í fjöruborðinu. Aðalskipulagsbreytingin tók gildi 27. júlí 2022.

Vegna þess hve lengi dróst að staðfesta aðalskipulagsbreytinguna var þörf á að auglýsa deiliskipulagið aftur, eftir að aðalskipulagsbreytingin tók gildi. Skipulagsgögnin eru auglýst með þeirri breytingu að skipulagið tekur einungis yfir vinnslusvæðið.

1.1 Markmið

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal gera deiliskipulag fyrir einstök svæði eða reit innan sveitarfélags þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Markmið með deiliskipulagi þessu er að skilgreina uppbyggingu, frágang og áhrif á umhverfi af vinnslusvæði í fjörunni austan Víkur. Með vinnslu sandsins er verið að búa til verðmæti úr þeirri auðlind sem sandurinn er. Auðlindin er að miklu leyti endurnýjanleg og vinnslusvæðið er hægt að fjarlægja og er því ekki um óafturkræfa framkvæmd að ræða.

Um tímabundið verkefni er að ræða og ef vel gengur og áhugi á áframhaldandi vinnslu verður gerð breyting á deiliskipulagi þessu að undangengnu umhverfismati.

1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdráttur er unninn á grunni loftmyndar frá EFLU verkfræðistofu og kortagrunnum IS50v frá LMÍ og hæðarlínum frá EFLU. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1.500, dagsettur 15.09. 2022.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum, dagsett 15.09.2022.

2 FORSENDUR

2.1 Staðhættir

Svæðið er austan Víkur í Mýrdal, neðan Suðurlandsvegar og vestan við Kerlingardalsá. Gengið hefur verið frá mörkum milli Víkur, lands Mýrdalshrepps og Fagradals og er vinnslusvæðið vestan megin í landi Mýrdalshrepps en að austan verður er land Fagradals (L163013) þar sem efni verður sótt til vinnslunnar.

Svæðið er að mestu mótað af sandframburði úr Kötlugosum en mikill sandur og jarðvegsefni berast til sjávar með jökulfljótum og er mikill sandur á ferðinni úti fyrir suðurströnd landsins. Öll suðurströnd Íslands, frá Þorlákshöfn að Höfn í Hornafirði, er að mestu sandfjara mynduð með framburði jökuláa í gegnum aldirnar.

Neðan þjóðvegjar flæmist Kerlingardalsá um sandinn en hún á upptök sín í Mýrdalsjökli og skammt austan hennar er Múlakvísl. Um fjörurnar renna einnig minni lækir og er Uxafótarlækur stærstur þeirra. Uppgræðsla hefur verið á sandinum undanfarin ár og er gróðurþekja fjörunnar nokkuð breytileg.

Á þessu svæði er um 1 km breitt flatt láglandssvæði við sjóinn áður en Víkurhamar og Fagradalshamar rísa svo til lóðréttir upp af sléttlandinu. Miðja vegu milli fjalls og sjávar er þjóðvegur nr. 1. Norðan þjóðvegjarins er láglandið mikið til nýtt til landbúnaðar en sunnan hans er misgróið sandlandi, sem m.a. hefur verið grætt upp með áburði og sáningum. Næst sjónum er ógróin sandfjara, en talsverð hreyfing er á sandinum á þessu svæði, sérstaklega næst sjónum. Nokkru vestan við fyrirhugað vinnslusvæði er flóðvarnargarður sem varna á mögulegum flóðum frá Mýrdalsjökli að falla til Víkur.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá þjóðvegi 1 um núverandi vegslóða sem hefur verið notaður sem aðkomuvegur að seyrulosunarsvæði sem er sunnan við fyrirhugað vinnslusvæði. Slóðinn er á þéttum sandi en til stendur að styrkja hann til að tryggja að hann þoli aukna umferð vörubíla.

2.2 Efnistökusvæði

Í gildandi Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 er skilgreint efnistökusvæði í Fagradalsfjöru, E21, sem er náma í flokki II, skv. aðalskipulagi. Náman var skilgreind í fjöruborði Fagradalsfjöru í aðalskipulagsbreytingu sem auglýst var samhliða deiliskipulagi þessu og hefur tekið gildi. Vegna ábendinga Skipulagsstofnunar 22. desember 2020 skal áréttað að ný efnisnáma er skilgreind sem lítil náma sem er milli 10.000 til 25.000 m³. Flatarmál þeirra er ekki skilgreint í aðalskipulagi.

Efni úr námunni verður mokað upp með gröfu og flutt á búkollum á vinnslusvæðið þar sem sandurinn er unninn og flokkaður. Sandur sem ekki hentar til útflutnings verður skilað aftur í efnisnámuna.

2.3 Náttúrufar og dýralíf

Vistgerðir á vinnslusvæðinu eru alaskalúpína L14.4 en verndargildi hennar er ekki flokkað, melagambrovist L5.2 með miðlungs hátt verndargildi, grasmóavist L10.4 með hátt verndargildi og língresis- og vingulsvist L9.6 með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar¹. Allar vistgerðirnar eru útbreiddar hér á landi og er því ekki verið að raska nema mjög litlum hluta þeirra. Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagning miðast við nákvæmni allt að 1:25.000.

Í landi Fagradals hefur verið unnið að uppgræðslu og einnig hefur verið unnið að uppgræðslu og styrkingu gróðurs á fjörukambinum við Vík. Sandur úr fjörukambinum fýkur yfir bæinn við ákveðnar aðstæður og hefur sveitarfélagið unnið að uppgræðslu í samstarfi við Landgræðsluna og er hluti svæðisins sem fer undir vinnslusvæðið því nokkuð gróið.

Svæðið er ekki metið mikilvægt búsvæði fugla eða annarra dýra. Á sandinum gæti orpið kría, sandlóa og tjaldur. Í lúpínu er helst að vænta hrossagauks, skógarprasta og þúfutittlings. Í grónu landi gætu lóa, spói og stelkur átt sér búsvæði.


2.4 Minjar

Engar þekktar fornleifar eru á svæðinu. Svæðið er að mestu mótað af sandframburði og því litlar líkur á að fornleifar séu á stærstum hluta þess.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

2.5 Jarðmyndanir

Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem falla undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.



MYND 1. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands¹. Vinnslusvæðið er innan rauða hringins.


¹ (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020)

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Aðalskipulag

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028 tók gildi í mars 2013. Samhliða deiliskipulagi þessu var gerð breyting á aðalskipulaginu og skilgreint iðnaðarsvæði fyrir efnisvinnsluna.

Iðnaðarsvæðið er aðallega innan skilgreinds þéttbýlis en nær einnig út fyrir þéttbýlismörkin að hluta. Því er iðnaðarsvæðið skilgreint á bæði þéttbýlis- og sveitarfélagsupprætti.



MYND 2 OG 3. Þéttbýlisupprætti til vinstri og sveitarfélagsupprætti til hægri. Iðnaðarsvæðið er á þéttbýlismörkum. Svæðið er innan rauðu hringjanna

TAFLA 1. Í töflu 2.2: í aðalskipulagi er eftirfarandi skilgreining fyrir iðnaðarsvæðið.

IÐNAÐARSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	N	NÚVERANDI BYGGINGAR Í M ²	LEYFILEGT BYGGINGARMANG Í M ²
I3 Víkur- og Fagradalsfjara	2	0,3	0	Allt að 6.000m ² .

N:nýtingarhlutfall

Í aðalskipulagi kemur einnig fram frekari ákvæði fyrir svæðið: Hámarkshæð bygginga á iðnaðarsvæði getur verið allt að 7 m. Lagersvæði skulu skermuð af vegna fok- og ásýndaráhrifa. Byggingar og önnur helstu mannvirki skulu fjarlægð innan 3 ára frá lokum vinnslutíma. Gerð verður grein fyrir þessum þáttum í kafla 4. Skilmálar.

Þar sem um er að ræða tilraunarverkefni eru ákvæði aðalskipulagsbreytingar, sem auglýst er samhliða deiliskipulagi þessu, ekki nýtt nema að hluta til. Verði framhald á vinnslunni og umfang eykst verður gerð breyting á deiliskipulagi að undangengnu umhverfismati.

3.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en skammt sunnan og vestan við svæðið er í gildi deiliskipulag fyrir urðunarsvæði við Uxafótarlæk. Skipulagið tók gildi í nóvember 1999. Á svæðinu er urðuð seyra úr rotrþóm Mýrdælinga. Tekin er hola í sandinn fyrir hverja losun og mokað yfir strax að losun lokinni. Samkvæmt skipulagi á að vera girt kringum svæðið en ekki er girðing þar í dag þó svæðið sé enn í notkun.

Deiliskipulag efnissvinnslusvæðisins hefur engir áhrif á skipulag eða starfsemi á seyrulosunarsvæðinu.

4 SKILMÁLAR

Heimilt er að byggja utan um starfsemina og skerma af iðnaðarsvæðið. Heimilt er til skemmri tíma að hafa gáma í stað varanlegra bygginga.

4.1 Lóð

Skilgreind er lóð í landi Fagradals sem er 1,01 ha. Setja skal upp skjólveggi og/eða trjágróður til að hindra fok og bæta ásýnd.

4.2 Aðkoma

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá þjóðvegi 1 um núverandi vegslóða sem hefur verið notaður sem aðkomuvegur að seyrulosunarsvæði sem er sunnan við vinnslusvæðið og að efnisnámu í Víkurfjöru. Slóðinn er á þéttum sandi en til stendur að styrkja hann til að tryggja að hann þoli aukna umferð.

4.3 Byggingareitur

Skilgreindur er einn byggingarreitur sem er einungis á eystri lóðinni og er 2.497,5m². Hámarks byggingamagn er 500 m². Innan byggingareitsins er heimilt að reisa byggingar auk skjólveggja. Heimilt verður að hafa gáma, í stað bygginga tímabundið eða til lengri tíma, í samráði við skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélagsins. Þeir skulu þó vera innan byggingarreits. Gert er ráð fyrir allt vinnslusvæðið sé innan byggingarreits, þ.e. lagersvæði og byggingar.


Vélaskemma/starfsmannaaðstaða

Reisa má vélaskemmu fyrir tæki og tól. Hámarkshæð er 7 m frá gólfkóta. Í vélaskemmunni má vera starfsmannaaðstaða.


Vinnslulína

Heimilt er að byggja yfir vinnslulínu framleiðslunnar.

Vinnsluvélarnar sem brjóta niður sandinn verða staðsettar innandyra. Mesta hæð vinnslulínunnar verður 5,5 m og lengdin að hámarki 45 m. Hámarks mænishæð skemmu fyrir vinnslulínuna er allt að 7 m frá gólfkóta.



MYND 4. Langsnið sem sýnir svipaða efnisvinnslulínu og er fyrirhuguð á svæðinu, hæðar og stærðartölur eiga ekki endilega við þá vinnslulínu sem verður sett upp. Vinnslulínan er rafknúin.



MYND 5. Þrívíddarlíkan af fyrirhugaðri vinnslulínu inn í gámum eða skemmu.

4.4 Sorp og úrgangur

Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.


Annar úrgangur skal meðhöndla í samræmi við starfsleyfi rekstrarins.

4.5 Ásýnd og frágangur


Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem snyrtilegastri svo engin hættu stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Lýsing skal vera lágstemmd og ljósi beint niður. Þá skal miða við að litaval mannvirkja verði ekki í áberandi litum. Gert er ráð fyrir við hönnun og uppbyggingu svæðisins að hægt verði að fjarlægja öll mannvirki og ganga frá svæðinu þannig að lúpínan geti tekið aftur yfir svæðið. Verði starfseminni hætt skal fjarlægja öll mannvirki og skila svæðinu í ekki lakara ástandi en áður en vinnsla hófst.




MYND 6. Horft frá þjóðvegi suður yfir efnisvinnslusvæðið.



MYND 7. Möguleg áskýnd, horft til suðurs.



MYND 8. Möguleg áskýnd frá þjóðvegi, horft til austurs.



MYND 9. Möguleg ásjúnd frá þjóðvegi, horft til vesturs.

4.6 Veitur

Svæðið verður tengt dreifikerfi RARIK. Hreinsivirki verður innan lóðamarka og skal tryggja gott aðgengi að því til tæmingar. Neysluvatn verður fengið úr vatnsveitu sveitarfélagsins eða öðru viðurkenndu vatnsbóli.

Vatn vegna reksturs og slökkvivatn verður fengið úr Uxafótalæk í samráði við landeigendur.

4.7 Vöktunaráætlun

Gerð er krafa um vöktunaráætlun þar sem þarf að vakta strandrof á svæðinu. Vöktun á fjörunni er þegar hafin og verður reglubundið drónaflug og mælingar viðhafðar allan vinnslutímann. Með því að bera saman upplýsingar sem aflað er fyrir efnistöku, meðan á efnistöku stendur og eftir að efnistöku lýkur verður hægt að meta raunveruleg áhrif vinnslunnar m.t.t. hvort áframhald verði á efnistöku á svæðinu.

Upplýsingaöflun um strandrof skal fara fram að minnsta kosti á 3 mánaða fresti og skal þá mynda ströndina með dróna eða sambærilegri tækni á 2 km kafla kringum námusvæðið. Með henni verður fylgst með breytingu á strandsvæðinu og skal upplýsingaöflun og vöktunaráætlun nánar útfærð í samráði við Vegagerðina/skipulagsfulltrúa eða aðra þá aðila sem fylgst hafa með strandrofi við Vík.

5 ALMENNIR SKILMÁLAR

Byggingareitur er sýndur á skipulagsuppdraetti og skulu byggingar byggðar innan hans, nema kveðið sé á um annað í sérskilmálum í þessari greinargerð. Byggingarreitur er sýndur með brotalínu. Byggingarreitur er tilgreindur á deiliskipulagsuppdraetti og málsettur á mæliblaði. Ný hús og viðbyggingar skulu standa innan byggingarreits.

5.1 Mæli- og hæðablöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.þ.h. Allir hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð, nema kveðið sé á um annað í sérskilmálum. Byggingarreitur sýnir lágmarksfjarlægð frá lóðamörkum, nema þar sem er bundin byggingalína.

Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gangstétta og gatna við lóðamörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum.

Hæðarblöð sýna hæðir á lóðamörkum og hæðartölur á aðalgólfum húsa. Hæðartölur gólfa eru leiðbeinandi og skulu frávik umfram ± 30 cm koma til umfjöllunar hjá byggingaryfirvöldum í Mýrdalshreppi. Hámarkshæð húsa er skilyrt í skilmálum þessum. Lega veitulagna er einnig sýnd á hæðarblöðum.

6 UMHVERFISÁHRIF

Umhverfisáhrif skal meta í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Helstu umhverfisáhrif af uppbyggingu eru ásýndaráhrif af byggingum og efnisgeymslu. Til að lágmarka áhrifin skal gera skjólveggi, jarðvegsmanir eða planta trjágróðri.

7 KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagið er unnið í samráði við verkkaupa og sveitarfélagið. Óskað verður eftir umsögnum frá ýmsum aðilum, m.a. Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Landgræðslunni, landeigendum og Heilbrigðis-
eftirliti suðurlands.

7.1 Skipulagsferli

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillagan taki gildi fyrir árslok 2022.

8 HEIMILDARSKRÁ

- [1] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi,“ 20. október 2020. [Á neti]. Available: <http://vistgerdakort.ni.is/>.